



Ígræði í lamað raddband

Ígræði úr goretex er komið fyrir í lömuðu raddbandi í þeim tilgangi að ná betri lokun raddbanda og þar með styrkari rödd. Aðgerðin er framkvæmd í staðdeyfingu og slævingu og tekur yfirleitt 1-1,5 klst. Útskrift er áætluð samdægurs.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta haft blóðþynnandi áhrif. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Símaviðtal vegna svæfingar/slævingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufarssögu sem þarf að taka tillit til. Einnig gefst þá tækifæri til að spyrja spurninga. Ef frekari rannsókna eða upplýsinga er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Gott er að hafa lyfjalista við höndina, því í símtalinu þarf að fá upplýsingar um það hvaða lyf má taka fyrir aðgerðina. Sum lyf er óæskilegt að taka fyrir aðgerð. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri aðgerðir, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af slævingu/svæfingu
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúruylfja og fæðubótarefna

Kvöldið fyrir aðgerð**Fasta**

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir aðgerð. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahótelum ef þörf er á.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð á Landspítala í Fossvogi, að morgni aðgerðardags.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluforni sem verka í og eftir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dagdeild A5.

- Ef verkir eða ógleði koma fram er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við því. Vart getur orðið við hálssærindi eftir aðgerðina sem hverfa að jafnaði á 1-2 dögum.
- Fótaferð er leyfð strax við komu á deild.
- Eftir aðgerðina getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.
- Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn.
- Boðið er upp á létta máltíð fyrir heimferð.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á
- Endurkomutíma hjá lækni

Útskriftarfræðsla

Verkir

Búast má við að finna fyrir vægum óþægindum í hálsi og koki sem ættu að jafna sig á nokkrum dögum. Með því að hafa hærra undir höfði í rúminu má einnig létt á þrýstingi og minnka verki. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Búast má við blóðlituðum hráka í 1-3 daga en í allt að fimm daga eftir aðgerð ef sýni hefur verið tekið.

Matur og drykkur

Borða má eins og áður en ef óþægindi eru í hálsi getur verið gott að borða mjúkan mat til að byrja með svo sem súpur, pasta og jógúrt.

Raddhvíld

Skurðlæknir ákveður hvort þörf er á raddhvíld eftir aðgerðina. Yfirleitt er ekki þörf á raddhvíld eftir þessa aðgerð. Ef raddhvíld er ráðlögð þarf að tala lágt og hafa samskipti sem mest skrifleg í stað þess að tala fyrstu dagana eftir aðgerðina. Þó er ekki mælt með því að hvísla þar sem það veldur auknu álagi á röddina.

Hreyfing

Forðast ber mikla áreynslu í viku eftir aðgerð eða samkvæmt fyrirmælum læknis.

Vinna

Hafa þarf samráð við lækni um hvenær má byrja að vinna aftur en það er háð eðli starfs og líðan. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma eða við útskrift af spítalanum ef ekki er um endurkomutíma að ræða.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við spítalann ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Líkamshiti hærri en 38,5°C
- Viðvarandi verkur frá hálsi sem minnkar ekki við verkjalyf
- Erfiðleikar við öndun
- Viðvarandi ferskt blóð kemur úr koki
- Stöðug ógleði eða uppköst

Í bráðatilvikum er ráðlagt að leita á bráðamóttöku.

Símanúmer

Dagdeild A5 er opin virka daga frá kl. 7 til 22 543 7570

Göngudeild skurðlækninga B3 er opin frá kl. 8 til 16 543 7390

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
JÚNÍ 2020
LSH-3444

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR HÁLS-,
NEF- OG EYRNALÆKNINGA OG
DEILDARSTJÓRI DAGDEILDAR A5

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD